

Nd.

745. Frumvarp til laga

[192. mál]

um heimild til ráðstöfunar á fé mótvirðissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949, að lána allt að 120 millj. króna af fé mótvirðissjóðs til Sogs- og Laxárvirkjana og Áburðarverksmiðjunnar h.f.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk fjármálaráðherra, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið. Frv. fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

„Eins og áður hefur verið skýrt frá á Alþingi, hefur ríkisstjórnin og flokkar þeir, sem að henni standa, ákveðið að beita sér fyrir því, að af fé mótvirðissjóðs verði lánað verulegt fjármagn til Sogsvirkjunar, Laxárvirkjunar og áburðarverksmiðju. Er samkomulag um, að lán úr mótvirðissjóði, að meðtöldum Marshallánum, verði hlutfallslega jafnhá til þessara þriggja fyrirtækja, miðað við stofnkostnað.

Svo sem kunnugt er, þarf samþykki Efnahagssamvinnustjórnarinnar í Washington (E. C. A.), sem féð hefur lagt fram, til þess að ráðstafa sjóðnum. Enn fremur þarf lagaheimild, sbr. 3. gr. laga nr. 47/1949.

Það þarf á fé að halda til allra þessara fyrirtækja, áður en Alþingi kemur saman á ný. Er því lagt til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild þá, sem í frumvarpinu er farið fram á.“